

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) kt. 650309-0220 og tannlækna um tannlækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til tannlæknaþjónustu á eigin stofum tannlækna utan stofnana fyrir einstaklinga sem eru sjúkra- eða slysatryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

Undir samning þennan falla tannlækningar sem tilgreindar eru í gjaldskrá, sbr. fylgiskjal II með samningi þessum og gildandi reglugerð, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, nú reglugerð nr. 451/2013. Undanskildar eru tannréttingar.

Þjónusta samkvæmt samninginum afmarkast við:

1. Forvarnir og tannlækningar barna til 18 ára aldurs.
2. Tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna alvarlegra meðfædda galla, slysa eða sjúkdóma.
3. Tannlækningar aldraðra og öryrkja.

2. gr.

Samningsgögn

SÍ gera tilteknar kröfur til samningsaðila sinna um framkvæmd samnings skv. Almennum skilmálum, sbr. fylgiskjal I eftir því sem við á, þó gilda ekki ákvæði 13. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti samnings þessa:

Fylgiskjal I *Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um kaup á heilbrigðisþjónustu, nú með gildistöku frá 1. júlí 2019*

Fylgiskjal II Gjaldskrá

Fylgiskjal III Umsókn um aðild að samningi

3. gr.

Aðild

Tannlæknar sem hafa starfsleyfi á Íslandi og hafa skilað TFÍ umboði til samningsgerðar eru aðilar að samningi þessum, enda uppfylli þeir önnur skilyrði samnings þessa. Tannlæknar sem vilja síðar gerast aðilar að samningi þessum skulu senda tilkynningu um aðild til SÍ ásamt nauðsynlegum fylgigögnum. SÍ skulu staðfesta aðild innan tveggja vikna.

Eftir samningi þessum geta starfað tannlæknar sem hafa löggilt starfsleyfi Embættis landlæknis (EL), sbr. reglugerð nr. 1121/2012 um menntun, réttindi og skyldur tannlækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi, enda uppfylli þeir önnur skilyrði samningsins svo sem að hafa tilkynnt Embætti landlæknis um rekstur.

Með aðild að samningi þessu staðfestir tannlæknir að hann undirgangist að samstarfsnefnd fjalli um mál hans og geri tillögu að úrlausn mála.

4. gr.

Skyldur samningsaðila

Tannlæknar skulu gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í tannlæknaþjónustu. Þeir skulu uppfylla opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknar skulu starfa samkvæmt klínískum leiðbeiningum og eftir viðurkenndum gagnreyndum starfsháttum.

Tannlæknar skulu beina þjónustunni að þeim sjúklingum sínum sem helst þurfa hana, en koma í veg fyrir sóun fjármuna. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustunni með áherslu á viðkvæma hópa, sbr. 5. gr. samnings þessa.

Tannlæknar skulu vera virkir þáttakendur og/eða sýna frumkvæði um stafrænar lausnir, nýja tækni og nýsköpun sem leitt geti til hagkvæmni og aukinna gæða í þjónustu.

Tannlæknar skulu þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012.

Tannlæknum ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Tannlæknar skulu upplýsa forráðamenn barna ef líklegt er að þörf verði á tannréttingum.

Ef fleiri en eitt meðferðarúrræði koma til greina við úrlausn vanda einstaklings skulu tannlæknar upplýsa hann eða eftir atvikum forráðamann barns um möguleg meðferðarúrræði, kosti og galla þeirra svo og áætlaðan kostnað.

Tannlæknar skulu hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á stofum sínum.

Samningur þessi byggir á að í gildi sé samstarfsamningur milli SÍ og TFÍ.

5. gr.

Aðgengi og forgangsröðun

Áhersla er lögð á að hinir sjúkratryggðu hafi gott aðgengi að þeim tannlækningum sem þeir þurfa, bæði hvað varða forvarnir og meðferðir og eftir atvikum tilvísanir til annarra sérfræðinga. Meðferð skal vera einstaklingsmiðuð og sniðin að þörfum hvers og eins.

Starfsstofur tannlækna skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, þ.m.t. aðgengi fyrir hreyfihamlaða, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

Forgangsröðun skal vera í samræmi við samþykktu þingsályktunartillögu um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og 19. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

6. gr.

Heimilistannlækningar

Sjúkratryggð börn, aldraðir og öryrkjar skulu hafa skráðan heimilistannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra.

Óski hinn sjúkratryggði þess að vera skráður hjá viðkomandi tannlækni þá skal tannlæknir skrá sig sem heimilistannlækni viðkomandi eða vísa honum á skráningarleið í Réttindagátt SÍ.

Tannlæknar sjá um innköllun í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skráir ástand tanna og munnhols. Fyrirkomulag þetta kemur þó ekki í veg fyrir að annar tannlæknir geti sinnt sjúklingnum.

Tannlæknar upplýsa einstaklinga og/eða eftir atvikum forráðamenn þeirra um tannheilsu og raunhæfa meðferðarkosti og veita þeim upplýsingar um kostnað meðferðar eins og tók eru á.

Ef um er að ræða kostnað sem SÍ taka ekki þátt í að greiða ber tannlæknum að upplýsa um hann áður en meðferð hefst.

Mikilvægt er að ná til þeirra barna sem eru vanrækt hvað tannhirðu varðar og hafa ekki sótt nauðsynlega tannlæknaþjónustu svo og þeirra sem eiga erfitt með að sækja nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna skertrar færni.

Komi barn, aldraður eða öryrki ekki í reglubundna skoðun til skráðs heimilistannlæknis í 24 mánuði falla þau af skrá heimilistannlæknis. Unnið er að tölvukerfi þar sem afskráning hjá heimilistannlæknum verður sjálfvirk og til stendur að innleiða verkferla með það að markmiði að ná til þeirra einstaklinga.

7. gr.

Gæði

Við veitingu þjónustu skal fylgja gagnreyndri alþjóðlegri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu og taka mið af faglegum tilmælum, viðmiðum og leiðbeiningum Embættis landlæknis eftir því sem við á.

Tannlæknar skulu velja gæðavísa sem lýsa gæðum þjónustunnar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1148/2008 um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar.

Verði samræmdir gæðavísar tilgreindir af fagfélagi tannlækna skulu tannlæknar nota þá gæðavísa.

Tannlæknar skulu skila árlegu gæðauppgjöri til EL og SÍ sem byggir á lykilþáttum gæðaáætlunar Embættis landlæknis og er ætlað að sýna árangur hvað snertir gæði og öryggi þjónustunnar.

8. gr.

Gjaldskrá

SÍ greiða fyrir tannlækningar sem falla undir samning þennan í samræmi við gildandi reglugerð á hverjum tíma og gjaldskrá, sbr. fskj. II að frádregnu gjaldi hins sjúkratryggða.

Óheimilt er að innheimta hærra verð fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum en það sem tilgreint er í gjaldskrá, sbr. fskj. II.

Sé tannlæknaverki ekki tiltekið í gjaldskrá SÍ eða reglur takmarka endurgreiðslur einhverra gjaldliða hennar verulega, þannig að kostnaðarhluti SÍ sé lægri en 50%, greiðir sjúkratryggður einstaklingur tannlækni þann hluta meðferðar sjálfur. Í slíkum tilfellum er heimilt að miða við verðskrá tannlæknis, enda sé sjúklingi gerð grein fyrir eigin kostnaðarþætti áður en meðferð fer fram.

Fjárhæðir í gjaldskrá skulu breytast tvisvar sinnum á ári eða þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn í júlí 2023. Skal 42% taka breytingum miðað við launavísitölu (í október og apríl) og 58% miða við breytingu á vísitölu neysliverðs (í nóvember og maí). Launavísitala í okt. 2022 var 867,4 og vísitala neysliverðs í nóvember 2022 var 560,9.

9. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald eins og það er ákveðið í reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

10. gr.

Greiðsluþátttaka SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessu greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 9. gr. nemi fullri þóknun, sbr. 8. gr.

11. gr.

Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, aðgerðar- og/eða gjaldskrárliður, heildarverð og greiðsla sjúkratryggðs. Í þeim tilfellum að tannlæknanemi eða tannfræðingur vann verkið skal það koma fram á reikningi. Fyrirtækjum sem eru í meirihluta eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum.

Sjúkratryggður eða forráðamaður hans skal staðfesta sundurliðaðan rafrænan reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn og fá afrit reiknings á pappírs- eða rafrænu formi. Tannlæknar varðveita frumrit reikninga með staðfestingu sjúklings með öruggum og aðgengilegum hætti í samræmi við almennar bókhaldsreglur.

Tannlæknar skulu senda nauðsynlegar reikningsupplýsingar til SÍ, án milligöngu hins sjúkratryggða, rafrænt yfir netið að jafnaði daglega.

SÍ skulu greiða andvirði reikninga inn á bankareikning viðkomandi aðila innan 10 daga frá móttöku þeirra, séu þeir athugasemdarlausir. SÍ geta skriflega óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings

Vísað er til samnings SÍ og Tannlæknafélags Íslands um rafræn samskipti og aðgerðarskrá dags. í apríl 2013. sem fjallar m.a. um rafræn samskipti með reikningsupplýsingar milli SÍ og tannlækna.

12. gr.

Skráning upplýsinga

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa tannlækna gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar. nr. 1121/2012 og gildandi leiðbeiningar og tilmæli viðeigandi aðila svo sem EL.

Tannlæknar skulu skrá í rafræna sjúkraskrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Um aðgang að sjúkraskráum færðum af tannlæknum gilda ákvæði 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Tannlækni ber að nota samræmd viðurkennd upplýsingakerfi vegna allra þátta starfseminnar (þ.m.t. tímabókanir, reikningagerð og sjúkraskrá) sem byggja á stafrænum samskiptum við SÍ og eftir því sem unnt er við notendur.

Stýrikerfi og hugbúnaður sem tengjast kerfum SÍ verða að vera uppfærð og í stuðningi frá framleiðanda. Tölvubúnaður sem notaður er til að tengjast kerfum SÍ verður að vera með vírusvörn sem uppfærð er með nýjustu viðbótum hverju sinni. Hugbúnaður sem notaður er til að þróa tengingar við kerfi SÍ verður að vera uppfærður og í stuðningi frá framleiðanda. Miðlun gagna í samskiptum við kerfi SÍ verða að vera dulrituð og taka mið af lágmarkskröfum sem um slík samskipti gilda hverju sinni. Nánari skilmálar eru í umsókn um aðgengi að kerfum SÍ.

Tannlækni ber að hýsa sjúkraskrárgögn sín utan starfseminnar og gera skriflegan samning við viðkomandi hýsingaraðila þar sem meðal annars er kveðið á um öryggisafritun gagnanna. Þá skulu vera ákvæði í samningnum sem gerir tannlækni kleift að færa hana yfir til annars hýsingaraðila þannig að ekki verði rof á aðgengi að gögnunum.

Tannlæknir ber ábyrgði á skráningu og varðveislu sjúkraskrárgagna, sbr. lög um sjúkraskrár.

13. gr.

Þagnarskylda og persónuvernd

Tannlæknar skulu gæta þagnarskyldu um allt það er hann verður var við í starfi sínu og leynt á að fara. Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

14. gr.

Ábyrgð og tryggingar

Tannlæknar skulu hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Íslandi.

15. gr.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 145/1994 um bókhald.

Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu skv. samningi þessum aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.

16. gr.

Eftirlit

Um eftirlit fer skv. 12. gr. í fylgiskjali I

17. gr.

Vanefndir og vanefndarúrræði

Verði vanefndir á samningsskyldum tannlækna er SÍ heimilt að beita vanefndarúrræðum sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Leiti tannlæknar nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða sé andlag árangurslauss fjárnáms geta SÍ sagt samningi upp gagnvart þeim án frekari fyrirvara.

Missi tannlæknar rekstrarleyfi sitt fellur samningur þessi úr gildi gagnvart þeim.

Til vanefnda á samningi þessum getur m.a. talist:

1. Hafi tannlæknar ekki viðeigandi starfsleyfi og tilkynntan rekstur í samræmi við lög og reglugerðir.
2. Ef trúnaðar- og/eða þagnarskylda í samræmi við lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga er ekki virt.

3. Ef gæði þjónustunnar eru ekki í samræmi við gagnreynda þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Ef ítrekaðar réttmætar kvartanir berast frá sjúkratryggðum um að þeir fái ekki viðeigandi úrlausn hvað varðar þjónustu.
5. Séu tannlæknar ekki með gilda starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu skv. 14. gr.
6. Ef skráning í sjúkraskrá uppfyllir ekki ákvæði laga og reglugerða.
7. Ef reikningsgerð á hendur SÍ er ekki í samræmi við veitta þjónustu á grundvelli gjaldskrár eða ef reikningsupplýsingar eru ekki í samræmi við ákvæði samnings og gildandi reglna.
8. Ef tannlæknar gæta ítrekað ekki ítrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna.
9. Ef gerð skýrslna eða útgáfa vottorða stangast á við ákvæði laga eða reglugerða.

Komi í ljós veruleg og endurtekin frávik í vinnu einstaka tannlækna, sem ekki eiga sér eðlilegar skýringar skulu SÍ senda fyrirmæli um breytta framkvæmd og eftir atvikum ákvarða takmarkanir á nýtingu gjaldskrár. Verði viðkomandi tannlæknir ekki við þeim fyrirmælum skulu SÍ segja upp samningi við hann.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu tannlækna að ræða geta SÍ sagt upp samningi þessum gagnvart þeim án fyrirvara.

Áður en til uppsagna kemur skal málið tekið fyrir í samstarfsnefnd aðila.

Að sama skapi er tannlækni heimilt að rifta samningi telji hann SÍ hafa á sér brotið t.d. með synjun á greiðslu reikninga.

18. gr.

Uppsögn

Tannlæknar sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, ber að tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart tannlæknum sem hefur orðið uppvís að misbeitingu gjaldskrár eða uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningum að öðru leyti, að undangenginni viðvörðun sem send er með rafrænum hætti. Sé um stórfellt misferli hjá tannlæknum að ræða geta SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningi gagnvart þeim. Skal það tilkynnt tannlæknum bréflega með rafrænum hætti.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur tannlæknum er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

19. gr.

Meðferð ágreiningsmála, réttarfar

Um meðferð ágreinings og réttarfars fer skv. gr. 15 og 16 í fylgiskjali I.

20. gr.

Verklok og viðskilnaður

Um verklok og viðskilnað fer skv. 13. gr. í fylgiskjal. I.

21. gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 2023 til og með 31. janúar 2024. Hann öðlast þó ekki gildi fyrir en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra. Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum einn mánuð í senn, meðan báðir aðilar samþykkja.

Verði verulegar breytingar á starfsumhverfi tannlækna geta samningsaðilar óskað eftir endurskoðun samningsins.

22. gr.
Fyrirvarar

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Að öðru leyti fer um fyrirvara skv. 17. gr. í fylgiskjali I.

Reykjavík, 31. maí 2023

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um kaup á heilbrigðisþjónustu

1. gr.

Gildissvið

Samningar SÍ eru gerðir á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, svo og annarra laga sem við geta átt í hvert sinn og skal til þeirra vísað í viðeigandi samningum.

2. gr.

Gerð samninga

Samningar sem SÍ gera við þjónustuveitendur um kaup á heilbrigðisþjónustu eru grundvallaðir á IV. kafla. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Val á þjónustuveitendum byggist á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Til grundvallar vali er tekið mið af stefnumörkun heilbrigðisráðherra hverju sinni og ákvæðum laga um sjúkratryggingar og heilbrigðisþjónustu.

Önnur atriði svo sem hæfni hvers veitanda, gæði þeirrar þjónustu sem veitt er, hagkvæmni hennar, kostnaður við veitingu hennar, aðgengi og öryggi sjúkratryggðra, áætlun um viðhald á nauðsynlegri þekkingu koma einnig til skoðunar og ákveða SÍ vægi þessara þátta í hvert sinn.

Öll kaup á þjónustu munu taka mið af þörf fyrir viðkomandi þjónustu samkvæmt mati SÍ að teknu tilliti til þess fjármagns sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.

3. gr.

Kröfur til þjónustuveitenda

Þjónustuveitandi skal hafa staðfestingu Embættis landlæknis (EL), sbr. lög nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu og uppfylla faglegar kröfur skv. lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Hann skal að jafnaði byggja starfsemi sína á gagnreyndri þekkingu. á sviði heilbrigðisþjónustu, fylgja faglegum fyrirmælum EL og styðjast við faglegar leiðbeiningar EL, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu eftir því sem við á hverju sinni.

Þjónustan skal innt af hendi á starfsstofu sem fullnægir kröfum EL, uppfyllir skilyrði laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn svo og þær kröfur sem SÍ kunna að setja í einstökum samningum. Jafnframt skulu starfsstofur uppfylla aðrar opinberar kröfur eftir því sem við kann að eiga.

Þjónustuveitandi skal tryggja faglega hæfni starfsmanna sinna s.s. tungumálakunnáttu. Nánar skal kveðið á um kröfur um hæfni í einstökum samningum.

Þjónustuveitandi skal gæta jafnræðis og tryggja jafnt aðgengi sjúkratryggðra án tillits til búsetu, efnahags eða sambærilegra sjónarmiða, sbr. m.a. lög um réttindi sjúklinga.

Þjónustuveitanda ber að tryggja að tímasetningar pantaðra tíma sjúkratryggðra á starfsstofu standist sem best og gera viðkomandi viðvart í tæka tíð, þurfi af nauðsynlegum ástæðum að breyta þeim. s.s. í þeim tilfellum ef þjónustuveitandi er fjarverandi og getur ekki sinnt þjónustu.

Þjónustuveitendur skulu hafa gjaldskrár vegna þjónustu sinnar aðgengilegar og sýnilegar þeim sem leita þjónustu, m.a. á heimasíðu þar sem það á við.

Í samningum skal m.a. kveðið á um þjónustustig, þjónustutíma og hvar þjónusta verði veitt.

Breytingar skal tilkynna til SÍ með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Verulegar breytingar á þjónustu eru háðar samþykki SÍ.

Leitast skal við að sú þjónusta sem samið er um sé veitt sem jafnast yfir árið.

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009. Þjónustuveitandi skal skrá viðeigandi upplýsingar í rafræna sjúkraskrá til að tryggja samfellda meðferð sjúkratryggðs. Þá skulu tímabókanir almennt vera skráðar á rafrænu formi og geymdar ekki skemur en í fjögur ár. SÍ geta hvenær sem er kallað eftir tímabókunum og staðfestingum sjúkratryggðra á samskiptum við veitendur þjónustu.

Við alla veitingu heilbrigðisþjónustu er lögð áhersla á að efla samstarf milli mismunandi þjónustuaðila sem koma að meðferð sjúkratryggðra til að tryggja samfellu í þjónustunni. Við skipulag heilbrigðisþjónustu skal að því stefnt að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi.

Veitandi heilbrigðisþjónustu skal tryggja að sjúklingur sé upplýstur um ástand sitt, hvaða meðferðarmöguleikar standi honum til boða hverju sinni, kosti þeirra og galla svo og líkur á árangri.

Þegar sérhæfðri meðferð sjúkratryggðs lýkur skal eftirfylgni að jafnaði færast yfir til heilsugæslustöðvar og/eða heimilislæknis sjúkratryggðs. Skal þjónustuveitandi gera samantekt um árangur meðferðar og annað sem skiptir máli (s.s. læknaþréttir eða sambærilega greinargerð veitanda heilbrigðisþjónustu) aðgengilega tilvísandi lækni, heimilislækni og eftir atvikum öðrum veitanda heilbrigðisþjónustu. Þar sem því verður við komið skulu samskiptin fari fram með rafrænum hætti. Jafnframt skulu veittar leiðbeiningar um framhaldsmeðferð og/eða eftirlit í því sambandi.

Þjónustuveitendur skulu markvisst vinna að því að nýir sjúklingar komist að. Skapist bið eftir þjónustu skal leitast við að sinna fyrst þeim sem síst geta beðið byggt á faglegum forsendum. Geti veitandi heilbrigðisþjónustu ekki sinnt þjónustu við einstaka sjúkratryggða innan skilgreindra viðmiða um biðtíma, skal hann vísa viðkomandi til annarra veitanda heilbrigðisþjónustu.

Almennt skulu sjúkratryggðir með tilvísun njóta forgangs og í þeim tilvikum sem nauðsyn reynist að forgangsraða skulu þeir sem eru í brýnustu þörf njóta forgangs umfram aðra.

Þjónustuveitanda ber að gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna, svo sem við alla meðferð, vísun á rannsóknir, myndgreiningu og lyf, með hliðsjón af gagnreyndri þekkingu og öðrum viðurkenndum vinnureglum.

Um ákvæði þessarar greinar er nánar kveðið í einstökum samningum við þjónustuveitendur.

4. gr.

Magn, verð og afslættir

Í samningum við veitendur heilbrigðisþjónustu er kveðið á um magn, verð og afslætti. Verðlagsbreytingar samninga skulu miðast við forsendur fjárlaga sé ekki um annað samið.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra

Um greiðslur sjúkratryggðra fyrir þá heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem samið er um og sjúkratryggðir eiga rétt á, á grundvelli laga eða samninga, er kveðið nánar í reglugerð sem ráðherra setur.

Þeim hluta greiðslu, sem SÍ ber að greiða vegna umsaminnar þjónustu, skal þjónustuveitandi aldrei veita viðtöku úr hendi hins sjúkratryggða.

Í sérstökum tilvikum og þegar hagsmunir sjúkratryggðs krefjast þess, s.s. vegna nafnleyndar, er þjónustuveitanda heimilt að veita viðkomandi aðila samningsbundna meðferð án

greiðsluþátttöku SÍ. Í þeim tilvikum skal þá liggja fyrir skrifleg, upplýst og undirrituð beiðni frá viðkomandi einstaklingi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum þess að þessi leið er valin. Óheimilt er að nota þetta ákvæði til að veita sjúkratryggðum forgang á biðlista og er þjónustuveitanda óheimilt að krefja viðkomandi sjúkratryggðan um hærra gjald fyrir veitta meðferð en heimilt er samkvæmt samningi um viðkomandi þjónustu. Krefji sjúkratryggður SÍ engu að síður um endurgreiðslu á reikningi fyrir þjónustu sem þannig er veitt skal hún skráð hjá SÍ eins og hún hafi verið veitt með greiðsluþátttöku SÍ.

6. gr.

Greiðslur SÍ

Gjalddagi reikninga í viðskiptum við SÍ eru 30 dagar frá móttöku reiknings. Í hverjum samningi fyrir sig er kveðið á um greiðslur SÍ fyrir umsamda heilbrigðisþjónustu.

7. gr.

Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Sé ekki um annað samið skulu að lágmarki koma fram á reikningi nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk var unnið, hvaða heilbrigðisstarfsmaður vann verkið, hvar þjónustan var veitt, gjaldskrárlíður, einingafjöldi/verð og greiðsluhlutur sjúkratryggðs.

Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni eða með rafrænum hætti við hverja heimsókn og fá afrit hans, óháð greiðsluþátttöku viðkomandi. Veitandi heilbrigðisþjónustu skal varðveita frumrit reikninga og staðfestingu sjúkratryggðs á öruggan og aðgengilegan hátt í samræmi við bókhaldsreglur.

Veitandi heilbrigðisþjónustu skal senda SÍ reikningsupplýsingar um veitta þjónustu rafrænt og án milligöngu hins sjúkratryggða. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu SÍ. Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga nr. 145/1994 um bókhald, reglugerð nr. 44/2019 um rafræna reikninga vegna opinberra samninga og öðrum reglum sem um þetta kunna að gilda á hverjum tíma.

SÍ geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningsupplýsingum/reikningi og ber útgefanda reiknings að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er SÍ heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

8. gr.

Áætlanir um vinnumagn (mat á þjónustupörf) og fjárhagslegt svigrúm

Áætlanir um vinnumagn og fjárhagslegt svigrúm til kaupa á viðkomandi þjónustu skulu koma fram í samningum við einstaka þjónustuveitendur.

9. gr.

Gæði

Með gæðum í heilbrigðisþjónustu er vísað til þess að hve miklu leyti hún eykur líkur á bættri heilsu og auknum lífsgæðum sjúklinga og ekki síður að hve miklu leyti hún er veitt í samræmi við bestu þekkingu sem völ er á þannig að notandi heilbrigðisþjónustu eigi ekki á hættu að hljóta skaða af meðferð eða annarri þjónustu, sem ætlað er að bæta heilsu og lífsgæði.

Með hliðsjón af gæðaáætlun EL skulu þjónustuveitendur setja sér gæðastefnu og mælanleg gæðamarkmið í þeim tilgangi að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar. Þeir skulu hafa skjalfærðar verklagsreglur/gæðahandbók, þar sem m.a. skal kveðið á um stjórnun og skiptingu

ábyrgðar. Jafnframt skulu þeir tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur og að allir þeir sem að þjónustunni koma hafi tilskilin starfsleyfi eftir því sem við á.

Þjónustuveitendur skulu hafa virkt innra eftirlit. Skal það framkvæmt með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar. Virkt innra eftirlit felst m.a. í skipulögðum innri úttektum sem sýna fram á hvort starfsemin sé í samræmi við gæðastefnu og þá tilhögun sem skipulögð hefur verið (t.d. verklagsreglur) og setja fram aðgerðaráætlun um úrbætur sé þess þörf. Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu jafnframt setja sér mælanlega gæðavísa sem mældir eru með reglubundnum hætti og birtir að lágmarki einu sinni á ári þannig að þeir séu aðgengilegir fyrir notendur, heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn, stjórnendur og stjórnvöld, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1148/2008, með síðari breytingu.

Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu grípa til aðgerða til þess að uppræta orsakir frávíka og atvika, sem í ljós kunna að koma, í því skyni að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Frávik geta komið í ljós við innra eftirlit eða við kvörtun. Þá geta komið upp óvænt atvik. Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu stunda skipulagðar forvarnir, þ.e. greina og meta hugsanlegar orsakir frávíka og atvika í starfsemi sinni og gera viðeigandi ráðstafanir. Nánar er kveðið á um gæði í samningum við einstaka þjónustuveitendur.

Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu jafnframt setja verklagsreglur um meðferð og afgreiðslu athugasemda og kvartana frá sjúklingum vegna þjónustu sinnar. Réttur einstaklinga til að gera athugasemdir við og kvarta yfir heilbrigðisþjónustu er tryggður í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga og lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu.

10. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Læknar SÍ, eða eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn, skulu hafa aðgang að þeim upplýsingum þ.á.m. sjúkraskrá er varða þjónustu við hina sjúkratryggðu í samræmi við 45. og 46. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

11. gr.

Ábyrgð

Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingar hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og færa sönnur á það ef þess er óskað.

12. gr.

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar ber SÍ að hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem m.a. miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Eftirlit SÍ getur m.a. falið í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við veitendur heilbrigðisþjónustu og heimsóknum á starfsstofur þeirra. Veitendum heilbrigðisþjónustu er skylt að veita SÍ eða skilgreindum starfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna eða vegna eftirlitshlutverks hennar. SÍ er heimilt að stöðva greiðslur til viðkomandi þjónustuveitenda verði verulegar eða ítrekaðar tafir á afhendingu upplýsinga.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að veitendur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. Sinni veitendur heilbrigðisþjónustu ekki kröfum EL um skil á gögnum til EL geta SÍ frestað greiðslu á reikningum þar til viðeigandi skil hafi átt sér stað.

Ríkisendurskoðun hefur heimild til eftirlits með framkvæmd samninga sem gerðir eru við sveitarfélög eða einkaaðila, sbr. d. lið 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Sú heimild nær bæði til fjárhagsendurskoðunar og stjórnsýsluendurskoðunar. Í 10. gr. sömu laga er kveðið á um skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar.

13. gr.

Verklok og viðskilnaður

Veitandi heilbrigðisþjónustu sem ekki vill eða getur lengur starfað samkvæmt samningi, skal með skriflegum hætti segja upp aðild sinni að honum með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót sé ekki um annað samið.

Hætti veitandi heilbrigðisþjónustu að veita þjónustu skv. samningi, hvort sem það verður að loknum samningstíma, framlengdum samningstíma eða af öðrum ástæðum, skal tryggt að þjónustan geti haldið áfram í höndum nýs þjónustuveitanda með sem minnstum óþægindum fyrir sjúkratryggða og án þess að rof verði á þjónustunni.

Veitendur heilbrigðisþjónustu skuldbinda sig til að taka þátt í gerð verklokaáætlunar vegna aðilaskipta ef til þeirra kemur. Slík áætlun verður gerð í samstarfi við þjónustuveitanda, SÍ og þess aðila sem tekur við þjónustunni. Veitandi heilbrigðisþjónustu skal einnig taka þátt í vinnu við verklok sín og tryggja með því viðskilnað sem hefur lágmarksáhrif á sjúkratryggða og rýfur ekki samfellda þjónustu við þá.

14. gr.

Þagnarskylda

Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði er þau fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara hvort heldur vegna fyrirmæla í lögum eða þegar um er að ræða atriði sem rétt er og eðlilegt að leynt skuli fara.

Þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu vikur eingöngu í þeim tilvikum að lög bjóði að upplýst sé um þau atriði sem undir ákvæði þetta falla, að aðila verði gert skylt að greina frá þessum atriðum með ákvörðun íslenskra dómstóla eða aðili hefur verið leystur undan þagnarskyldu af þeim sem málefnið tekur til.

Styðjist veitendur heilbrigðisþjónustu við vinnu undirverktaka skuldbinda þeir sig til að láta undirverktaka og starfsmenn þeirra undirrita heit um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Ágreiningur

Berist kvartanir frá sjúkratryggðum varðandi framkvæmd þjónustuveitanda á þeirri þjónustu sem um er samið, eða SÍ telja að þjónustuveitandi uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða viðkomandi samningi, skulu SÍ senda viðkomandi þjónustuveitanda skriflega athugasemd þar sem gerð er grein fyrir framkomnum athugasemdum og þjónustuveitanda gefinn frestur, sem eigi skal vera lengri en tvær vikur, til að lagfæra þau atriði sem talið er að úrskeiðis hafi farið eða gera annars grein fyrir sjónarmiðum sínum. Hafi þjónustuveitandi ekki brugðist við erindi SÍ á fullnægjandi hátt, innan þess frests sem honum er veittur, telst það vanefnd á samningi. Geti SÍ þá án frekari fyrirvara gripið til þeirra sérstöku vanefndaúrræða sem upp eru talin í lögum um sjúkratryggingar, s.s. takmarka magn og tegund þjónustu sem undir samninginn falla, sagt samningi upp með umsömdum fyrirvara eða rift samningi tafarlaust, teljist vanefndir vera verulegar. SÍ geta alltaf krafist endurgreiðslu og annarra vanefndaúrræða, þ.á m. skaðabóta, eftir því sem við á hverju sinni.

Réttur SÍ til endurgreiðslu tekur jafnframt til greiðslu þátttökuhluta sjúkratryggðs og helst þó svo að samningi aðila sé lokið.

16. gr.

Réttarfar

Ágreiningur sem rísa kann og varðar val á þjónustuveitanda eða framkvæmd þjónustuveitanda á samningi verður ekki borinn undir ráðherra. Mál út af ágreiningi um efni samnings, framkvæmd hans eða túlkun skal rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

17. gr.

Fyrirvarar

Fjárhæðir í samningum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningar taka til á sama hátt og í málaflokkum hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast sambærilega starfsemi, taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnis skulu aðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu.

Samningar SÍ eru gerðir með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og ef samningar eru til lengri tíma en eins árs eru þeir einnig gerðir með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra.

18. gr.

Gildistími

Skilmálar þessir taka gildi frá og með 1. júlí 2019. SÍ áskilja sér rétt til að breyta skilmálum þessum og verða þær breytingar kynntar með 30 daga fyrirvara.

Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af heilbrigðisráðherra.

| Gjaldskrárnúmer SÍ | Aðgerðanúmer TFÍ | Gjaldskrá I | | Verð júní 2023 | Á einungis við* |
|--------------------|---|--|------------|----------------|-----------------|
| | | Heiti verks | Verð (kr.) | | |
| 001 | 1010 | Viðtal | | 6.869 | |
| 002 | 1020 | Bráðahjálp | | 6.869 | |
| 003 | 1030,5510 | Sköðun nýs sjúklings | | 10.264 | |
| 004 | 1040,9020 | Áfangaeftirlit | | 6.869 | |
| 005 | 1050 | Tilvísun | | 3.395 | |
| 009 | 1090 | Áhættuskoðun | | 6.869 | |
| 011 | 1110 | Tannrótarmynd | | 3.936 | |
| 012 | 1120,1121 | Bitmynd | | 3.936 | |
| 013 | 1130 | Heildarröntgen, fullorðinstennur, a.m.k. 10 smámyndir | | 29.274 | |
| 018 | 1187,1190,1191,1161,1162,1180,1183,1184,1185 | Röntgenbreiðmynd (OPG o.p.h.) | | 8227 | |
| 024 | 1240 | Ljósmynd | | 1.120 | |
| 030 | 1300 | Yfirborðsdeyfing | | 1.621 | |
| 031 | 1310,1311 | Ísíunardeyfing | | 2.393 | |
| 032 | 1320,9140,9150 | Svæðisdeyfing | | 4.013 | |
| 035 | 1350,1351,1352 | Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf | | 6.869 | |
| 040 | 1410 | Aðlögunarmeðferð | | 6.869 | |
| 052 | 1520,1530 | Vefjasýni úr mjúkvæf, sjálfstæð aðgerð | | 20.606 | |
| 053 | 1521 | Vefjasýni úr yfirborði beinvefs tekið, sjálfstæð aðgerð | | 46.305 | |
| 054 | 1522 | Vefjasýni úr mjúkvæf tekið samhliða aðgerð | | 6.869 | |
| 055 | 1523 | Vefjasýni úr beini tekið samhliða aðgerð | | 10.303 | |
| 060 | 1021,1600 | Vitjun / bráðaútkall | | 13.738 | |
| 101 | 1101 | Fræðsla, leiðbeiningar | | 6.869 | |
| 104 | 1104 | Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur. Báðir gómar hjá börnum. | | 6.869 | |
| 110 | 1114, | Flúormeðferð barna, báðir gómar | | 10.565 | BASA |
| 112 | 1112, 1113 | Flúormeðferð fullorðinna, hvor gómur | | 6.869 | |
| 113 | 4800 | Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, 1-4 tennur | | 6.869 | |
| 114 | 4810 | Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, fleiri en 4 tennur | | 10.303 | |
| 115 | 1115 | Skorufylla, fyrsta tönn | | 8.760 | BASA |
| 116 | 1116 | Skorufylla, viðbótartönn í sama fjórðungi | | 7.144 | BASA |
| 117 | 2010 | Forvarnarfylling eða vegna glerungseyðingar | | 12.748 | BASA |
| 118 | 1118 | Flúormeðferð áhættubarna, báðir gómar | | 10.565 | BASA |
| 201 | 2011,2013,2014,2016,2017,2018,2019,2020,2021,2022,2023,2147 | Tannlit fylling, 1 flötur | | 20.799 | |
| 201S | | Tannlit fylling, 1 flötur svæfing | | 14.186 | BASA |
| 212 | 2012,2120,2121,2022 | Tannlit fylling, 2 fletir | | 26.954 | |
| 212S | | Tannlit fylling, 2 fletir í svæfingu | | 18.028 | BASA |
| 213 | 2130,2131,2017,2023 | Tannlit fylling, 3 fletir | | 29.901 | |
| 213S | | Tannlit fylling, 3 fletir í svæfingu | | 19.634 | BASA |

| | | | | |
|------|------------------------------------|--|--------|-------|
| 214 | 2140,2141,2142,2144, 2145,2146, | Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir | 32.420 | |
| 214S | | Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir í svæfingu | 21.136 | BASA |
| 215 | | Viðgerð á eldri fyllingu | 12.771 | |
| 231 | 2310,2311 | Silfurblendisfylling, 1 flötur | 20.027 | |
| 231S | | Silfurblendisfylling, 1 flötur í svæfingu | 13.660 | BASA |
| 232 | 2320 | Silfurblendisfylling, 2 fletir | 26.432 | |
| 232S | | Silfurblendisfylling, 2 fletir í svæfingu | 18.028 | BASA |
| 233 | 2330 | Silfurblendisfylling, 3 fletir | 28.787 | |
| 233S | | Silfurblendisfylling, 3 fletir í svæfingu | 19.638 | BASA |
| 235 | 2350,2351,2352 | Silfurblendisfylling, 4 eða fleiri fletir | 30.986 | |
| 235S | | Silfurblendisfylling, 4 eða fleiri fletir í svæfingu | 21.136 | BASA |
| 241 | 6701 | Bithækkun með plasti, hver tönn | 18.101 | |
| 245 | 2450 | Bráðabirgðafylling | 7.332 | |
| 250 | 1500,1501 | Rýmishaldari | 13.386 | BASA |
| 251 | 2510 | Spelkun tanna | 27.436 | |
| 255 | 6606,6607 | Bráðabirgðatönn fest í skarð | 37.885 | |
| 256 | 2570 | Stifti í tannbein (parapúlpapinni) | 6.869 | |
| 257 | 2571 | Stifti í rótargang úr málm, trefjaplasi eða keramik | 20.672 | |
| 258 | 6580,6581 | Stál- eða plastkróna | 24.234 | |
| 259 | 6604 | Bráðabirgðakróna / -brú á tannplanta í tannstæðum 13-23 | 39.805 | BASA |
| 260 | 2600,2601 | Gúmmídúkur | 2.393 | |
| 301 | 3010,3011 | Kvikupekja | 20.079 | BASA |
| 306 | 3060,3061 | Kvika barnatannar fjarlægð og felld | 30.080 | BASA |
| 308 | 3080,3081,3082 | Rótarendaörvun með Ca(OH) ₂ | 23.387 | BASA |
| 311 | 3100 | Kvikunám, 1 gangur | 20.606 | |
| 312 | 3110 | Kvikunám, 2 gangar í sömu tönn | 27.436 | |
| 313 | 3120 | Kvikunám, 3 gangar í sömu tönn | 37.739 | |
| 314 | 3121 | Kvikunám, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn | 48.081 | |
| 315 | 3150 | Útvíkkun, 1 rótargangur | 16.074 | |
| 316 | 3160 | Útvíkkun, 2 rótargangar | 22.075 | |
| 317 | 3170 | Útvíkkun, 3 rótargangar | 27.891 | |
| 318 | 3171 | Útvíkkun, 4 eða fleiri rótargangar | 34.856 | |
| 319 | 3190, 3192, 3193, 3194 | Gömul rótfylling fjarlægð | 29.173 | A & L |
| 320 | 3200 | Rótfylling, 1 gangur | 25.103 | |
| 321 | 3210 | Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn | 28.777 | |
| 322 | 3220 | Rótfylling, 3 gangar í sömu tönn | 39.506 | |
| 323 | 3221 | Rótfylling, 4 eða fleiri rótargangar í sömu tönn | 49.732 | |
| 325 | 3250 | Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur | 39.509 | |
| 326 | 3260 | Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn | 50.103 | |
| 327 | 3270 | Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 gangar í sömu tönn | 64.813 | |
| 328 | 3271 | Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn | 71.094 | |
| 330 | 3400 | Tönn lýst innanfrá, fyrsta heimsókn | 13.852 | |
| 331 | 3401 | Tönn lýst innanfrá, milliheimsókn | 13.852 | |

| | | | | |
|-----|------------------------------|---|---------|-------|
| 401 | 4010, 4020 | Pokamæling,skráning og greining, hvor gómur | 13.738 | A & L |
| 402 | 4030, 4050 | Endurmat að lokinni hreinsun eða tannholdsaðgerð, hvor gómur | 13.738 | A & L |
| 405 | 4060 | Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannholdssjúklingi, hver fjórðungur 1-4 tennur | 34.306 | A & L |
| 406 | 4061 | Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannholdssjúklingi, hver fjórðungur fleiri en 4 tennur | 51.475 | A & L |
| 407 | 4100 | Viðhaldsmeðferð hjá tannholdssjúklingi | 29.321 | A & L |
| 420 | 4200 | Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fleiri en 4 tennur | 113.570 | A & L |
| 422 | 4220, 5431, | Flipaaðgerð, 1-4 tennur og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir | 63.204 | A & L |
| 427 | 4272, 5450, 5451, 5452 | Tannholdsskurður, fleiri en 4 tennur | 50.165 | |
| 428 | 4270,4271,4280 | Tannholdsskurður, 1-4 tennur | 37.606 | |
| 431 | 4221, 4222 | Krónulenging, fyrsta tönn | 43.829 | |
| 432 | 4222 | Krónulenging, viðbótartönn | 13.738 | |
| 453 | 4223, 4530,4531, | Tannholdsgræðlingur | 90.570 | A & L |
| 457 | 4570, 4571, 4573, 4574, 4575 | Beinmótun, fjórðungur munns | 19.257 | A & L |
| 500 | 5001 | Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn | 11.927 | |
| 501 | 5010 | Úrdráttur tannar eða ratar | 19.715 | |
| 502 | 5020 | Hæg tönn eða rót dregin, hver viðbótartönn í sömu aðgerð | 7.714 | |
| 503 | 5021 | Úrdráttur tannar eða ratar, hver viðbótartönn í sömu aðgerð | 13.152 | |
| 504 | 5011 | Uppkomin tönn klofin og fjarlægð | 30.537 | |
| 507 | 5101 | Tanndeiling og brotnám ratar samhliða flipaaðgerð | 20.233 | |
| 524 | 5240 | Opnað inn á beinlæga tönn | 48.125 | BASA |
| 525 | 5241 | Opnað inn á beinlæga tönn og tanntylla límd á hana | 58.165 | BASA |
| 526 | 5260 - 5263 | Rótarendaaðgerð (ratarstytting) | 54.913 | A & L |
| 528 | 5280 | Fylling í ratarenda samhliða aðgerð #526 | 20.028 | A & L |
| 530 | 5300, 5301, | Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall | 59.693 | |
| 531 | 5302, 5762 | Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall, viðbótartönn | 13.738 | |
| 532 | 5303 | Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka | 49.390 | |
| 533 | 5304 | Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka, viðbótartönn | 13.738 | |
| 534 | 5762 | Eftirmeðferð vegna tannáverka | 6.869 | |
| 535 | 5860 | Gert að áverkum mjúkvefja | 20.606 | |
| 545 | 5453 - 5455 | Beinaaðgerð, Torus eða tuberaaðgerð og sambærilegar | 48.044 | A & L |
| 570 | 5705,5706 | Vefur saumaður | 8.604 | |
| 577 | | Fyrsti planti í hverjum fjórðungi undir heilgóm | 161.370 | A & L |
| 578 | | Viðbótarplanti undir heilgóm, í sama fjórðungi góms og 577 | 72.776 | A & L |
| 580 | 5800,5801,5802,5803 | Skorið á kýli | 13.738 | |
| 685 | 6620 | Endurlíming eldri krónu eða skeljar | 22.715 | |
| 701 | 7010 | Stakur heilgómur | 149.864 | |

| | | | | |
|-----|--------------|---|---------|------|
| 702 | 7020 | Heilgómasett | 273.665 | |
| 703 | 7030 | Sáragómur | 175.927 | |
| 704 | 7040 | Ásetugómur | 175.927 | |
| 711 | 7110 | Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum | 34.144 | |
| 712 | 7111, 7120 | Bráðabirgðapartur með 4-6 tönnum | 40.459 | |
| 713 | 7130 | Stálpertur með einni eða fleiri tönnum | 229.846 | |
| 714 | 7120 | Bráðabirgðapartur með fleiri en 7 tönnum | 58.642 | |
| 715 | 7150 - 7153 | Plantagómur í efri góm | 247.271 | |
| 716 | 7160 | Plantagómur í neðri góm | 208.507 | |
| 721 | 7291 | Fóðrun góms eð parts (relining) | 70.762 | |
| 722 | 7210, 7220 | Fóðrun góms eða parts (rebasing) | 81.448 | |
| 723 | 7230 | Bráðabirgðafóðrun góms | 27.437 | |
